

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögum að breyttu deiliskipulagi.

Digranes. Auðbrekka – þróunarsvæði, svæði 1, 2 og 3. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar þann 26. apríl 2016 deiliskipulag fyrir Auðbrekku – þróunarsvæði, svæði 1, 2 og 3 – Nýbýlavegur 2-12 og Auðbrekka 1-13 (oddatölur) og 29. Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir 165 íbúðum og byggt verði við núverandi atvinnuhúsnæði. Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kársnes. Hafnarbraut 9-15 og Bakkabraut 10. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar þann 12. apríl 2016 breytt deiliskipulag fyrir Hafnarbraut 9-15 og Bakkabraut 10. Í breytingunni felst að íbúðum er fjölgað og gert er ráð fyrir atvinnuhúsnæði á jarðhæð. Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kársnes. Hafnarbraut 12. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar þann 26. apríl 2016 breytt deiliskipulag fyrir Hafnarbraut 12. Í breytingunni felst að bílastæði, kóti jarðhæðar og byggingarreitur breytast. Heildarbyggingarmagn minnkar. Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kjóavellir. Hamraendi 25. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar þann 10. maí 2016 breytt deiliskipulag fyrir Hamraenda 25. Í breytingunni felst að lóð og byggingarreitur stækkar. Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 44. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kjóavellir. Hlíðarendi 19. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar þann 10. maí 2016 breytt deiliskipulag fyrir Hlíðarenda 19. Í breytingunni felst að lóð og byggingarreitur stækkar. Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 44. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Lundur. Lundur 74-78. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar þann 10. maí 2016 breytt deiliskipulag fyrir Lund 74-78. Í breytingunni felst að aðkomukóti og hús hækka. Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 17. maí 2016.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.